

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

39.fundur.

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 7. júní 2012, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Drög að verndar- og stjórnunaráætlun fyrir Hverfjall/Hverfell, var frestað á fundi 5. maí s.l.
3. Bréf frá Þóru Ottósdóttur.
4. Bréf frá Höskuldi Práinssyni v/vatnstjóns á Skútustöðum.
5. Styrkbeiðni v/verkefnisins Eyðibýli á Íslandi.
6. Fundargerð gróðurskoðunarnefndar v/vettvangsferðar á Austurfjöll, 1. júní s.l.
7. Bréf frá Svavari Sigurðssyni.
8. Fulltrúi á aðalfund Sorpsamlags Pingeyinga, 12. júní. n.k.
9. Fulltrúi á aðalfundi Hvamms og Leigufélags Hvamms ehf. 18. júní n.k.
10. Fulltrúi á aðalfund Greiðrar leiðar ehf. 18. júní n.k.
11. Erindi frá Margræti Bóasdóttur v/Sumartónleika við Mývatn.
12. Erindi frá Truenorth v/kvikmyndatöku í Mývatnssveit.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 11 og 12 yrði bætt á dagskránnu.

Samþykkt samhljóða.

2. Drög að verndar- og stjórnunaráætlun fyrir Hverfjall/Hverfell, var frestað á fundi 5. maí s.l.

Margvíslegar athugasemdir gerðar við fyrirbyggjandi drög. Að mati sveitarstjórnar eru óljós skil á milli þess sem viðkemur verndar- og stjórnunaráætlun annars vegar og svo framkvæmda/verkáætlun eða fjárhagsáætlun hins vegar. Þá á ekki að fjalla um í verndar- og stjórnunaráætlun fyrir Hverfjall/Hverfell svæði sem eru utan hins friðlýsta svæðis. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að koma athugasemdunum á framfæri við Umhverfisstofnun.

3. Bréf frá Þóru Ottósdóttur.

Fyrir fundinum liggur bréf frá Þóru Ottósdóttur, leikskólastjóra þar sem hún óskar m.a. eftir því að fá að ljúka uppsöfnuðu sumarfrúi fyrra árs í samfellu við orlof 2012 en samtals er um 12 vikur að ræða. Þá kemur fram í bréfinu að við lækkun aldursmarka inn í leikskólann hafi orðið mikil breyting á starfseminni, það kalli á fleiri fagmenntaða starfsmenn og afar brýnt að auglýsa eftir slíkum einstaklingi.

Sveitarstjórn lýsir sig jákvæða fyrir því að koma til móts við leikskólastjóra hvað uppsafnað sumarleyfi varðar, þá samþykkir sveitarstjórn að auglýsa eftir leikskólakennara.

4. Bréf frá Höskuldi Þráinssyni v/vatnstjóns á Skútustöðum.

Fyrir fundinum liggur bréf frá Höskuldi f.h. erfingja Margrétar Lárusdóttur vegna vatnstjóns sem varð á íbúðarhúsi Margrétar. Tjónið varð vegna bilunar í tengibrunni hitaveitunnar. Svo virðist sem heitt vatn hafi í einhvern tíma lekið undir grunn hússins með þeim afleiðingum að gólfefni á jarðhæð eru skemmd, veggfóður og málning ónýtt auk einhverja steypuskemmda. Tryggingamatmaður frá váttryggingarfélaginu VÍS kom og mat tjónið en félagið hafnar bótagreiðslu f.h. sveitarfélagsins þar sem ekki virðist um vanrækslu af hálfu hitaveitunnar að ræða. Erfingjar Margrétar óska því eftir að sveitarfélagið bæti samkvæmt mati, það tjón sem orðið hefur.

Sveitarstjórn þykir mjög miður hversu langan tíma tryggingarfélagið hefur tekið sér til að úrskurða í málinu.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vísa niðurstöðu VÍS til Úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum.

Sveitarstjóra falið að kynna Höskuldi niðurstöðu sveitarstjórnar í samræmi við umræður á fundinum.

5. Styrkbeiðni v/verkefnisins Eyðibýli á Íslandi.

Með bréfi er kynnt rannsóknar- og nýsköpunarverkefnið Eyðibýli á Íslandi, sem hófst árið 2011 fyrir tilstuðlan Eyðibýli-áhugamannafélags en að því standa arkitektar, sagnfræðingar, jarðfræðingar og fleiri. Markmið verkefnisins er að rannsaka og skrá umfang og menningarlegt vægi eyðibýla og annarra yfirgefina íbúðarhúsa í sveitum landsins. Jafnframt að stuðla að björgun áhugaverðra og byggingarsögulega mikilvægra húsa, m.a. með endurgerð og nýtingu í ferðaþjónustu. Verkefnið er unnið í samráði við Húsafríðunarnefnd, Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifavernd ríkisins, háskóla, söfn og aðra aðila. Verkefnið hefur einnig verið unnið í góðri samvinnu við sveitarfélög sem rannsóknin nær yfir hverju sinni og með bréfinu er jafnframt óskað eftir 50. þús. króna styrk frá Skútustaðahreppi.

Sveitarstjórn hafnar erindinu.

6. Fundargerð gróðurskoðunarnefndar v/vettvangsferðar á Austurfjöll, 1. júní s.l.

Í fundargerðinni kemur fram að 1. júní s.l. hafi fulltrúar frá Landgræðslu ríkisins, sveitarstjórn og BSSÞ farið í gróðurskoðunarferð um Mellöndin og mólendi á Austurfjöllum. Landið var mjög þurr en gróður kominn vel af stað og fjöðrin á melnum orðin falleg og ókalin.

Sandtaðan mikið farin að grænka á ábornum svæðum og viðurinn í mólendinu byrjaður að springa út. Nefndarmenn sammála um að hefja megi sleppingar í Melöndin 4. júní.

Eftirfarandi er sérbókun Bjarna Maronssonar fulltrúa Landgræðslu ríkisins:

„Að mati undirritaðs er Austurafréttur Mývetninga tæpast beitarhæfur og ekki verjandi að sleppa sauðfé á hann í byrjun júní, svo sem tíðkast hefur. Um svipað leiti eru bændur í lágsveitum víðast að hefja sleppingu fjár í úthaga. Spurning er hvort þessi sleppitími byggir ekki á gamalli hefð frá þeim tíma er fóðurskortur var algengari en nú er og nýta varð útbeit svo sem frekast var unnt til að koma bústofni fram.

Undirritaður hvetur upprekstararhafa sauðfjár á svæðinu og sveitarstjórn Skútustaðahrepps til að drag upprekstur á þetta viðkvæma land sem lengst fram í júní þannig að gróður hafi tíma til að taka sem best við sér áður en beit hefst. Jafnframt er mælt til þess að sömu aðilar hefji sem fyrst umræður um með hvaða hætti bændur á svæðinu geti framvegis haldið fé sínu lengur heima á vorin.

Að þessu sinni gerir fulltrúi Landgræðslunnar ekki athugasemdir við þá tillögu sem liggur fyrir um upprekstur á Austur afrétt vorið 2012.“

Mývatnssveit 01.06.2012.

Bjarni Maronsson.

Sveitarstjórn samþykkti fundargerðina í tölvupósti 3. júní og staðfestir hana hér með.

Rétt er að koma því á framfæri að fulltrúar afréttarnotenda fóru einnig með í nefnda ferð, það láðist að geta þeirra í fundargerð gróðurskoðunarnefndar.

7. Bréf frá Svavari Sigurðssyni.

Með bréfi segir Svavar Sigurðsson skólastjóri Tónlistarskólann starfi sínu lausu.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps þakkar Svavari fyrir samstarfið og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

8. Fulltrúi á aðalfund Sorpsamlags Þingeyinga, 12. júní. n.k.

Fulltrúi Skútustaðahrepps verður Böðvar Pétursson.

9. Fulltrúi á aðalfundi Hvamms og Leigufélags Hvamms ehf. 18. júní n.k.

Fulltrúi Skútustaðahrepps verður Dagbjört Bjarnadóttir.

10. Fulltrúi á aðalfund Greiðrar leiðar ehf. 18. júní n.k.

Fulltrúi Skútustaðahrepps verður Friðrik K. Jakobsson.

11. Erindi frá Margréti Bóasdóttur v/Sumartónleika við Mývatn.

Með bréfi óskar Margrét eftir stuðningi sveitarfélagsins við Sumartónleika við Mývatn sem eru á 26. starfsári. Gert er ráð fyrir fimm tónleikum á tímabilinu 7. júlí til 4. ágúst auk n.k. gestatónleika eða 10 viðburðir alls.

Sveitarstjórn samþykkir umbeðinn styrk kr. 75. þús.

12. Erindi frá Truenorth v/kvikmyndatöku í Mývatnssveit.

Með tölvupósti eru kynntar framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru vegna kvikmyndaverkefnis sem fram fer í Mývatnssveit í júní. Um er að ræða afturkræfar framkvæmdir og gerir sveitarstjórn engar athugasemdir við þær en hvetur viðkomandi til góðrar umgengni um landið og að vanda lokafrágang.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Eyrún Björnsdóttir,

Friðrik K. Jakobsson.